

#### 4. fundur umhverfisnefndar Rangárpings ytra 2014

4. fundur umhverfisnefndar haldinn 29. Júlí 2014 á 4. hæð miðjunnar, kl. 20, mætt eru Anna María Kristjánsdóttir sem ritar fundargerð, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Borghildur Kristinsdóttir og Hjalti Tómasson, Sigdís Oddsdóttir boðaði forföll.

Þessi fundur er afar óhefðbundinn þar sem við erum að veita umhverfisverðlaun fyrir árið 2014. Nefndin fékk leyfi til að bjóða til kaffisamsætis fyrir þá sem hljóta verðlaun þetta árið og mættu einnig þeir sem áttu heimangengt úr hreppsnefnd.

1. Drífa Hjartardóttir sveitarstjóri bauð gesti velkomna og tók svo Anna María við stjórn fundarins.
2. Þetta árið fengu eftirtaldir umhverfisverðlaun fyrir árið 2014.
  1. Hótel Rangá fyrir snyrtilegt umhverfi við fyrirtæki.
  2. Guðný Rósa Tómasdóttir og Bjarni Jóhannsson Heiðvangi 9, fyrir fagran og snyrtilegan garð í þéttbýli.
  3. Rán Jósepsdóttir og Engilbert Olgeirsson Nefsholti, fyrir fallegt og snyrtilegt umhverfi í dreifbýli.
  4. Guðný Finna Benediktsdóttir og Olgeir Engilbertsson Nefsholti, fyrir fallegt og snyrtilegt umhverfi í dreifbýli.
  5. Hulda Gústafsdóttir og Hinrik Bragason Árbakka, fyrir fallegt og snyrtilegt umhverfi þar sem stundaður er landbúnaður.

Allir fengu viðurkenningarskjal og blómapott með áletrun. Blómapottana fengum við hjá Steina stein á Hvolsvelli og áletrunin á pottana var gerð hjá Karli úrsmið á Selfossi.

Allir nutu svo góðra veitinga sem keyptar voru frá Kökuval.

Þetta var hin notalegasta stund og tók Magnús Hlynur fréttamaðurinn okkar mynd af verðlaunahöfum og ætlar að byrta þær hið fyrsta.

Fundi lauk svo þegar við vorum búin að ganga frá eftir okkur eða um klukkan 21.30. Þetta er 4. Fundur og er fundargerð rituð í tölvu, 1 blaðsíða.

Anna M. Kristjánsdóttir (formaður)  
 Hjalti Tómasson  
 Borghildur Kristinsdóttir  
 Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir